

LITIRNIR og áhrif þeirra 1

Í grein minni „Sveiflufræðin og hið mikla máttarorð“, sem birtist í síðasta hefti „Ganglera“, var lítils háttar minnst á aðferð þá, sem viðhöfð er í náttúrunni til þess að halda þróuninni við og lyfta undir hana.

Fór ég þá helzt til fáum orðum um mennina og þátttöku þeirra í því starfi, því í stuttri grein er eigi unnt að segja nema lítið eitt af því, sem segja mátti. Og þó fór ég í raun réttari eins nærri þeim takmörkum hinna innri fræða er frekast mátti.

Í launhelgum fornaldar, t. d. Egypta, voru kennd fræðin um að tölur og tónar, litir og lögun, væri eitt og hið sama, væri allt runnið af einni og sömu rót. Og rót þessi er tónninn, ómurinn eða Logos. Tónn þessi streymir út frá miðdepli allrar tilverunnar út í hið ómælanlega rúm eða tóm og snertir efnið, hið ómótaða efni - óskapnaðinn - og gerir það starfhæft. Hefst þá þróun hinnar birtu tilveru. Skiptist þá sveifla þessi eða tónn og litirnir birtast. Eru þeir í höfuðatriðun um sjö.

Þegar um viðtökuhæfni manna er að ræða, þá birtast sjö þróunarflokkar eftir litum þessum og má í aðalatriðunum skipta þeim þannig eftir þróunarleiðum manna:

Geisli:	Sanskrit :	Eðlislýsing:
1.	Ichchha	Vilji
2.	Jnana	Kærleikur, vizka .
3.	Krija	Hugsun, skilgreining
4.	Maya	Samræmi
5.	Sattva	Vísindi, sannleikur
6.	Rajas	Trú, gæði
7.	Tamas	Skipulag, fegurð

1. Viljamaðurinn, sem leitar frelsis með því að ná tökum á sjálfinu og kringumstæðunum - ráðandinn.
2. Kærleiksmáðurinn, sem leitar að einingu í gegnum samúð – mannvinurinn.
3. Hugsuðurinn, sem leitar skilnings með því að kynna sér lífið - heimspekingurinn.
4. Máður ímyndunarafslsins, sem leitar samræmis að þrefaldri leið - töframaðurinn, leikarinn og táknfræðilegur listamaður.
5. Hugsuðurinn. sem leitar sannleikans í heiminum - vísindamaðurinn.
6. Kærleiksmáðurinn, sem leitar guðs sem gæða í heiminum – trúamaðurinn.
7. Viljamaðurinn, sem leitar fegurðar, sem er guð í heiminum - listamaðurinn og handíðamaðurinn.

Með hliðsjón af trúarbrögðum, sem birzt hafa, teljast þau geislunum eða litun um á þessa leið:

1. geisli: Bramatrúin.
2. - Buddhatrúin. Raja yoga.
3. - Kaldeatrúin. Stjörnuspeki.
4. - Trú fornegypta. Hatha yoga.
5. - Sóldýrkun, Zarapústra. Gullgerð.
6. - Kristna trúin (Kabala). Bhakti yoga.
7. - Dýrkun höfuðskepna. Töfrar siðaathafna.

Undirstöður þessara eru teknar úr bók Ernest Wood, „The Sevan Rays“. eru þær upprunalega gefnar hinum mikla dulspeking C. W. Leadbeater af Meistararum Djwal Kul. Er það hið eina, sem unnt er að gefa uppskatt að svo komnu um þessi efni.

Fyrsti geislinn - Rauður litur

Fyrir nokkrum árum síðan reit ég grein í „Ganglera“ um leið stjórnandans. Var þar brugðið upp nokkrum myndum af þróunarleið þess manns, sem fetar leið viljans. Vísast til þess sem þar er sagt um þá hlið þessa máls.

Löngun fyrsta geisla mannsins eru völd og yfirráð. Hann nýtur sín aldrei nema hann njóti einhverra þeirra, sem undir hans völd eru gefnir og hann fær tækifæri til að stjórna. Hann vill skipuleggja og ákveða hvernig verkum skuli hagað. Oft og tíðum og áfrumstígum þróunar sinnar er honum fremur örðugt að vinna og erfiða. Hann vill einungis láta aðra vinna fyrir sig og láta það sjást, að hann stjórni og ráði. Á þann hátt birtist í lífi hans grunntónn sá, er einstaklingseðli hans lýtur og er hans innsta þrá að verða frjáls í gegnum valdið yfir öðrum mönnum. Og lengi hættir honum við að misnota þetta vald og er hann þá - eins og að líkum lætur - að binda sig „karm“iskum böndum og stofna til skulda, sem hann verður svo síðar að greiða, til þess að hann í raun og sannleika verði frjáls, því að jafnvel þó að hann sé réttborinn valdhafi, verður hann að lokum að sjá það, að honum ber að þjóna og að þeirri leið einni öðlast hann það vald, sem er varanlegt og eilíft. Er því eigi að undra, þó að sá, sem leggur leið sína eftir þróun stjórnendanna verði oft að líða skipbrot áður en hann er fær um að feta leið hinnar innri þróunar, því leið þessi er talin sú örðugasta allra leiða, þegar komið er inn í hina hærri þróun. Það er örðugt að fást við stjórnsmál án þess að steyta fót sinn við steini flokkahagsmuna og segja einungis sannleikann og hann eingöngu.

Annar geislinn - Gulur litur

Sá, sem leitar fullkonnunar á þessum geisla, fetar í rauninni allt aðra götu en fyrsta geisla maður og er það eðlilegt, þegar tekið er tillit til þess, að aðferðin er lengi vel og eingöngu allt önnur. Fræðararnir eru taldir að vera á þessum geisla, gula geislanum. Sá, sem fetar þessa leið, þroskar og iðkar kærleikann framur öllu öðru. Hann leitar upplýsinga, hann leitar innsæisins, til þess að verða ætíð færari um að gefa öðrum fræðslu, upplýsa þá og reyna eftir

megni að leiða þá í allan sannleika, eins og honum hefur tekizt að skynja hann á hverjum tíma. Vegna þess að hann er einnig tilfinningamaður, að minnsta kosti á frumskeiðunum, mun honum lengi vel hætt við að beita áróðri og reyna að þvinga skoðunum sínum upp á menn, en að þeirri leið verður hann fyrir stöðugum vonbrigðum, því hann gætir þess ekki, að mennirnir eru lengi að læra og lengi að vinna úr verkefnum, því hið lægra eðli þeirra stritar stöðugt gegn hinu rétta, vegna þess að það kostar fórn að öðlast þá sönnu og réttu þekkingu. Þegar fer að sækjast nokkuð langt áleiðis á þessari leið, er reynslan búin að kenna honum svo margt, að hann hættir að verða fyrir vonbrigðum, því nú veit hann að lögmál vaxtarins vinnur einnig og ekki síður á sviði hugans og uppfærðslunnar en í hinni lægri náttúru - tekur þar jafnvel að miklum mun lengri tíma.

Hann bíður því rólegur eftir ávöxtum viðleitni sinnar, því uppskeran er fyrirfram ákveðin á sínum tíma, ef rétt er að farið. Og hann hættir að hugsa um árangurinn, náttúruöflin sjá um þá hliðina af starfseminni. Hann fórnar sér að lokum fyrir meðbræðurna og það gerir hann hvað eftir annað í stærri og stærri stíl eftir því sem hann vex að vizku og kærleika, unz hann hefur að lokum náð hinu mikla skrefi, að verða trúarleiðtogi og æðsti fræðari hinna fávísu, til þess að létta böll þeirra og örðugleika og leiða þá á hina sönnu braut, er hann hefur fórnað sér fyrir. Og hlutskipti hans er að fórna lífi sínu - jafnvel ótal sinnum - áður en hann hefur náð upp í hinar óendanlegu hæðir hinnar miklu guðdómlegu þekkingar.

Þriðji geislinn - Rauðgulur litur

Á leið þriðja geislans eru þeir, sem feta leið hugans og heimspekinnar. Takmark heimspokingsins er að verða frjáls í gegnum skilgreiningu - með því að skilja lífið. - Er það í raun réttri hin hærri heimspeki, sem hér er átt við, sem svarar til hinnar hærri hugsunar. Er hún því óhlutræn (objektiv). Ég held, að það sé einmitt sú hlið huglífsins, sem er orðin svo þjálfuð, að hún er sæmilegur farvegur fyrir hughrif, hugsanaflutning og innsæi. Vegna þess að huglífið er jákvætt, þarfnast það miklu meiri þjálfunar fyrir sitt leyti en tilfinningalífið, til þess að verða farvegur fyrir innsæið, þá hlýtur það að krefjas mikilla átaka og fyrirhafnar að þjálfu það til þess að það verði nothæft í þessu augnamiði.

Heimspokingurinn leitast ætíð við að samræma hlutina og finna hið innra samband þeirra í milli. Á frumstigunum og lengi vel er þetta örðugt verk og oft vill það verða svo, að molar einir verða til úr athugunum, því hin innri heildaryfirsýn er eigi komin til sögunnar. Þetta kemur síðar, þegar vitsmuna- og skilningsgáfan fer að verða þjálfuð og nær háum þroska.

Þegar lengra er komið áleiðis, kemur í ljós áhugi á talnaspeki og stjörnuspeki, því þessar greinar hinna innri fræða eru í eðli sínu einnig vísindi, jafnvel þó að menn geti eigi numið þær til fulls fyrr en þeir hafa náð hinu innra og æðra gildi þeirra og geta lesið þær einnig með innsæi. Þær eru í raun réttri vísindi hins andlega lífs og benda á sjónarmið heildarinnar og alverunnar eigi síður en einstaklingsins. En einstaklingurinn og alveran eru tvær stærðir - mjög mismunandi þó - séð frá ytra sjónarmiði, en endurspeglar hvor aðra frá innra sjónarmiði og geti menn skilið og skilgreint aðra þeirra, er hin eðlilega skilin um leið. Þetta er viðfangs-efni hins sanna heimspokings og á þennan hátt lærir hann að þekkja tilveruna og sjálfan sig og þá verður hann frjáls fyrir þekkingu - heimspeki.

Fjórði geislinn - Grænn litur

Það er ætlun margra manna, að fjórði geislinn sé sérstaklega geisli listanna. Má það til sanns vegar færa að því leyti að græni liturinn bendi frekar á þennan heim - hinn jarðneska - en aðra heima. En það er alkunna, að flestir listamenn eru að fást við efnið og móta það. Fáir komast jafnfljótt leiðina til fullkunnar og listamenn, því þeir leita stöðugt mikilleikans í náttúrunni og finna því samræmi hennar að miklum mun fyrir en aðrir, sem feta aðrar leiðir. Listamaðurinn hefur stöðugt fegurð náttúrunnar og lífsins fyrir hugskotssjónum sínum og kemst að þeirri leið að hjarta tilverunnar, sem er guð. Og hann fær, jafnvel á frumstigum sínum, tækifæri til þess að byrja að skapa. Þetta gera myndhöggvarar og málarar svo greinilega, að ekki verður hjá því komizt að skilja. Þeir eru þá þegar farnir að stíga fyrstu skrefin sem skaparar og byggingameistarar framtíðarveraldanna. Það er mönnunum ætlað að verða. Þess vegna verða þeir að ganga í gegnum hina örðugustu þróun allra þróunarskeiða, sem er þróun þessa heims, sem þeir verða að taka þátt í sem menn. Það er dýrðlegt hlutverk og stórfellt og því er það engin furða. Þó að skólinn og skólagangan verði örðug. Þar gildir sannarlega máltækið: „Það verður enginn óbarinn biskup.“ Þess ber að geta, til þess að forðast misskilning, að þetta síðasta umtalaða atriði ber ekki að skilja þannig, að það eigi einungis við fjórða geisla menn út af fyrir sig, heldur alla á öllum geislum.

Ég hef aðeins talað um myndhöggvara og málara eina og út af fyrir sig, en töframenn og leikarar koma einnig til greina. Táknfræðilegu listirnar eru innifaldar í því, sem nefnt er hér á undan, því að listir allar eru í raun réttir táknfræðilegar í eðli sínu, jafnvel þó að listamennirnir vilji eigi viðurkenna það. Töframenn verða að kynna sér hina hærri náttúrufræði, ef þeir eiga skilið að verða nefndir því nafni, því að öðrum kosti geta þeir ekki framkvæmt nein töfraverk svo að nokkurt vit sé í, sem verðskuldi það nafn. Og þeir geta eigi numið þá miklu list til fulls nema með hreinu og fullkomnu lífern og skilar þeim þá langt áleiðis til fullkunnar. Leikararnir kynna sér og skyggnast inn í eðli manna og sálarlíf og reyna að eftirgera það og sýna og á þann hátt læra þeir að skapa menn, bæði líkamlega, siðferðilega og hugrænt og láta þetta birtast á leiksviðinu öðrum til aðstoðar og lærdóms.

Allir þessir listamenn leita lausnar í gegnum samræmi.

Fimmti geislinn - Indigóblár litur

Hugsuðurinn, vísindamaðurinn er á þessum geisla. Svarar það til sóldýrkunarinnar eða Zarabústra-trúar og gullgerðar. - Er hann að leita sannleikans hér í heiminum. - Lengi vel er vísindamanninum örðugt að finna verulegt samræmi og sambengi í hlutunum, því hann sér eigi annað en mola, ósamkynja hluti og ósamstæða. Honum finnst heimurinn vera samsettur af ótölulega mörgum einstaklingum, sem ekki eiga neitt sameiginlegt, sem eru hver út af fyrir sig og lifa sínu eigin lífi. Hann rekur sig á alls konar ósamræmi og óréttlæti og fær engin svör við mörgum spurningum. Við rannsóknir sínar og athuganir finnur hann ný viðfangsefni, en þau auka á margbreytnina, svo að allt færast í þá áttina að fjarlægja hann einungunni, uppruna allra hluta. Þetta er eðlilegur hlutur. Meðan hann byrjar rannsóknir sínar og byggir þær á þessum heimi, heimi breytinganna og skynvillnanna, heimi breytileikans, sér hann eigi né finnur annað en mola og ósamræmi og fær ekkert verulegt heildaryfirlit yfir lífið og tilveruna og engin svör við hinum dýpri ráðgátum. Margir þeirra, sem leita að leið vísindamannsins, eru svo haldnir af oftrú á vísindin, eins og þau birtast þeim í þessu formi, sem hér er lýst, að þeim er gersamlega ómögulegt að sjá annað en þessa mola, sem þeir hafa náð í á einn eða

annan veg og vilja engar frekari skýringar eða útlistanir á þessum efnum, ef þær bera á góma. Þeir standa í rauninni í stað og fá sig ekki hrært. - En fræðimenn Austurlanda hafa farið allt öðruvísi að. Þeir byrja á hinum endanum. Þeir byrja á því að leita andans, þess, sem er upphaf allra hluta og innsti kjarni og þá feta þeir sig áfram niður á við, niður í heima margbreytninnar og skilja því ástæðurnar fyrir þessum margbreyttu fyrirbrigðum, vegna þess að þeir hafa náð í kjarnann og uppistöðuna og skilja því eininguna í margbreytninni og sambandið þeirra í milli. Vísindamaður Vesturlanda á því að miklum mun örðugra uppdráttar, því hann verður að feta sig áfram þessa örðugu leið upp úr margbreytninni upp í einfaldleikann, til þess að komast að einingu allra hluta og skilja samræmið þeirra í milli.

Sjötti geislinn - Blái liturinn

Kærleiksmáðurinn - trúmaðurinn - kristna trúin - Kabbala - Bhakti yoga. Þetta er leið trúar- og trúartilfinninga. Er hún í mörgum greinum léttasta leiðin. Er hún talin sú hættu- minnsta allra leiða. Það lætur að líkum að trúmaðurinn láti tilfinningarnar ráða lengi vel og fer þá oft gönuhlaup og tekur fljótráðar ákvarðanir, sem oft og tíðum veita honum örðugleika. En á því lærir hann smátt og smátt að verða skynsamur og þessi reynsla slípar hann og tilfinningarnar verða mýkri og mýkri og hið sanna eðli hans og rík skapgerðareinkenni kemur smámsaman í ljós: Kærleikurinn til alls og allra, sem er trúmannsins dýrðlega takmark. (Það má ekki misskiljast, að aðrar leiðir séu sneyddar kærleikanum sem takmarki, en það er mest áberandi í fari hins hátt þroskaða trúmanns). Það er því eðlilegt að kristna trúin hafi birzt í heiminum einmitt undir þessum geisla, sem hefur ríkt nú um 1500 ár eða á þeim tíma, sem vorhnúturinn hefur farið fram hjá stjörnumerkinu Fiskunum, sem er stjörnumerki kristnu trúarinnar og trú manna yfir höfuð. En hún á eftir að komast miklu lengra áleiðis í nánustu framtíð, en hún hefur náð ennþá, því hún fær aðstoð frá hinum miklu heimspekilegu áhrifum Vatnsberans, sem nú eru farin að gera alvarlega vart við sig og þegar trúarbrögð heimspekinnar fara að gagntaka heiminn, fær kristna trúin sterka aðstoð frá hinni heimspekilegu og vísindalegu hlið, sem sé hinni hærri heimspeki, sem sér eininguna í öllum hlutum og hin dulvísindalega þekking á grundvallaratriðum kristnu trúarinnar koma æ betur í ljós. Trúin verður ríkari og auðugri, verulegri og ákveðnari en hún áður var, því trúmaðurinn fær tækifæri til að skilja og skilgreina meira en hann áður hafði getu til.

Sjöundi geislinn - Fjólublár litur

Er þetta síðasti geislinn og yzti í ljósbandinu. - Sá, sem er undir áhrifum þessa geisla, er skipulagningarmaður og í ýmsu hagsýnn. Hann leitar einnig fegurðar, því hann æskir samræmis í síðaathöfnum. Þar birtist þrá hans til skipulags, nákvæmni og niðurröðunar. Vinna hans og viðleitni er að dýrka höfuðskepnurnar til þess að fá aðstoð þeirra við þróunina og opna sig sem farveg að þeirri leið, til þess að veita hinni miklu guðdómlegu orku, sem flæðir í gegnum tilveruna, niður á hin lægstu svið hennar, í því skyni að gera hana nothæfa þar. Hún þarf að ná sambandi við hinn jarðneska heim og þetta samband getur maðurinn einn veitt. Þegar hún hefur komizt þessa leið, hefur hún tekið þeim nauðsynlegu breytingum að verða nothæf í þessu skyni. Mennirnir eru þær einu spennibreytistöðvar, sem til eru, til þess að þessi orka geti gert það gagn, að lyfta undir þróunina hér og tendra upp hið innra líf mannanna. Til þess að þetta sé unnt, eru byggðar sérstakar stöðvar til þess að taka á móti þessari orku, breyta henni í hæfilegan hraða og öldulengd, svo að hún verði fundin hér í heimi. Þessar stöðvar eru kirkjurnar - og allar stofnanir, sem reka ákveðna og skipulagða

starfsemi síðaathafna. Á þessari leið eru veittar sérstakar vígslur, sem opna hlutaðeigandi vígsluþega og gera hann opnari fyrir hinum hærri guðdómlegu áhrifum og á þann hátt er lagður grundvöllur undir frekari andlegan vöxt hans. Að þessari leið vaxa menn smám saman og verða opnari farvegir fyrir hina andlegu orku hér í heimi og lyfta undir þróun hans. - Á leið þessari eru ýmsar hindranir eins og á öðrum leiðum. Menn geta orðið bundnir henni ef þeir taka formið of föstum tókum og trú á það og gleyma því, að andinn er aðalatriðið, jafnvel þó að formið - hinn ytri framgangsmáti, sé mjög mikilvægt atriði, svo að andinn geti notið sín. Virðingargirnin er ein veruleg hætta á þessari leið. Menn sækjast eftir embættum og völdum og vilja sýnast. Þetta er þrá þeirra, sem eigi hafa náð hæfilegri getu til starfanna, en hinir, sem færari eru, þurfa eigi þessa við, því draga þeir sig í hlé - þeir geta unnið störfin - en þeir eru óháðir og frjálsir og þeim skilar fljótt áfram.

Sumir þeirra, sem þróast á þessum geisla, hafa áhuga á stjórnmálum. Er það vegna þess, að þeir hafa í sér skipulagningargáfu er kemur mjög að gagni undir þeim kringum-stæðum. En þeir munu fara sínar eigin leiðir í því efni og eigi binda bagga sína á sama hátt og samferðamennirnir. Margir eiga því eigi samleið með þeim.

Í framanskráðum línum hef ég reynt í örfáum orðum að skýra frá nokkrum dráttum, sem mér finnst sérkenna hvern flokk þeirra manna, sem teljast geislunum í þróuninni. En eitt held ég, að sé þó sameiginlegt þeim öllum, að þeir, sem feta veginn til enda, verða að fórna fyrir eða síðar öllu til fulls, ef þeir eiga að verða frjálsir. Þeir verða að komast að lokum í samræmi við fórnarlögmál náttúrunnar. Vegna þess að tilveran er orðin til fyrir fórn, þá getur enginn losnað við hana nema fyrir fórn og hafa komið í fullkomið samræmi við þetta lögmál. Þá hefur hann fyrst stigið hið mikla skref, sem leiðir til fullkunnunar, sem er sú eina og réttnefnda frelsun.

Þess má geta, að því er haldið fram í sambandi við geislana, að rauði geislinn sé sá andlegi geisli, en fjólublái geislinn sé sá, sem sé efnisgeisli hans, guli geislinn sé sá andlegi, en blái geislinn sé efnisgeisli hans, rauðguli geislinn sé sá andlegi, en indigóblái geislinn sé efnisgeisli hans, en græni geislinn sé sambandsliðurinn á milli þeirra og jafnvægisgeisli og sé hann frá því sjónarmiði bæði andlegur og efnislegur. eru köldu litirnir, bláu litirnir, því eins konar endurspeglun hinna hærri, rauðu litanna. Rauði liturinn bendir á föðurinn, guli liturinn á soninn og rauðguli liturinn á hinn heilaga anda. Græni liturinn gæti því bent á hina heilögu móður.

Samkvæmt hinu forna egypska tímatali og stjörnuspekilegum áætlunum eru nú mjög markverð tímamót í lífi mannkyns. Ný menning er í aðsigi. Í síðustu 1500 ár höfum við lifað undir áhrifum Fiskanna. eru þau í meginatriðum áhrif kristnu trúarinnar, sem birt hefur í gegnum tilfinningalífið. En smám saman tekur þetta breytingum og trúartilfinningin breytist í trú hins hugræna lífs, því innsæið, uppljómunin, þarf einnig að ryðja sér braut um þann farveg. Þá birtist trú heimspekinnar, eða hinnar hærri hugsunar. Birtist þetta í fyrstu í sambandi við hinn nýja kynþátt Arianna, sjötta kynþáttinn, sem nú gerir vart við sig víða um heim, einkum í Ameríku, í Kaliforníu, Ástralíu og Nýja Sjálandi og hér á Íslandi. Er þetta

fólk fallett, fremur grannt, hávaxið, en vantar kraft ennþá og er því undir ýmsum hættum. En það er fljótt að hugsa og hefur innsæi. Uppeldisfræðingar hafa því átt í örðugleikum nokkrum um meðhöndlun þess, því það verður að viðhafa allt aðrar aðferðir við fræðslu þess og meðhöndlun, en þá, sem teljast hinum eldri kynþætti. Eftir 6-7 hundruð ár hefur vorhnúturinn göngu sína fram eftir Vatnsberanum og hverfur frá Fiskunum, sem hann þá hefur verið í síðustu 2160 árin og þá hefst öld Vatnsberans, öld sjötta kynstofnsins, hinnar nýju miklu menningar bræðralagsins, skipulags og siðaathafna, sem er öld fjólubláa geislans og endar hún um 4900 eftir Krist. Þá hefst öld Steingeitarinnar og þá má búast við að hinir miklu hvítu konungar vitji jarðarinnar á ný og stjórnri þjóðunum, eins og þeir gerðu endur fyrir löngu, er Atlantisþjóðirnar stóðu á hátindi menningarinnar. En það er vonandi að þeirra njóti lengur við en þá.

Jón Arnason, prentari